


FRÉTTABLAÐ

2^{tbl.} 1 árg. sep 1979

ÍDJUPJÁLFAFÉLAG
ISLANDS



EFNISYFIRLIT

Félagsfréttir	2
Fólk í fréttum	3
Nemendadálkur	4
Útilega	5
Kynning á Kleppsspítala	7
Lög Iðjubjálfafélags Íslands	9
Greinargerð um iðjubjálfun í heimahúsum	12
Um hjálpartækjelistann	15
Lausar stöður	16
Frá bókasafnsnefnd	17
<u>Félagatal:</u> Iðjubjálfanemar	18
Íslenskir iðjubjálfar erlendis .	18
Iðjubjálfar á Íslandi	19

ÄNTLIGEN

KOMMER DETTA EFTERLÄNGTADE,
SUPERBA, UNDERHÅLLANDE,
LÄRORIKA FRÉTTABLAÐ.

NYA NYHETER
GAMLA NYHETER
ALLT ÄR GODA NYHETER.

LÄS - NJUT - UPPLEV
VAD MER KAN DU ÖNSKA
-EV. FÖRSLAG LÄMNAS TILL NÄSTA
FRÉTTABLAÐ DÅ ÄVEN DU KAN VARA
MED OM DETTA MAGNIFIKA BLADS
TILLKOMMELSE.

TREVLIG HÖST

TILLÖNSKAS ER ALLA



FÉLAGSFRETTIR

Haldið var námskeið í músik-terapi fyrir félaga dagana 3., 4. og 5. maí, í allt 10 tímar. Leiðbeinendur voru Anne Grethe Hansen og Madelaine Östlund.

Nefnd, er vann að tillögum um iðjuþjálfun í heimahúsum, hefur skrifað greinargerð, sem birtist hér í blaðinu. Var greinargerðin ásamt bréfum send í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Félagsmálaráðuneytið og Tryggingastofnun ríkisins. Í framhaldi af því hafa fulltrúar frá félaginu átt viðtöl við Magnús H. Magnússon heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, en hann er einnig félagsmálaráðherra og Eggert Þorsteinsson og Björn Öundurson frá Tryggingastofnun ríkisins. Félagið hefur nú möguleika á að fá samninga við Tryggingastofnun og hefur verið skipað nefnd, er vinnur með þau mál.

Læunamál: Félagið hefur samið kröfugerð og sent til SFR og St.Fv. ásamt endurskoðuðum starfslýsingum. Okkur vantar stöðugt einhverja sterka og ákveðna persónu, sem hefur áhuga á að vinna með læunamál.

Vinnustaðalýsingar: eru nú tilbúnar á íslenzku og ensku og munu birtast í næsta fréttablaði.

Frystihús á Flateyri hafa óskað eftir einhverjum iðjuþjálfum til að kenna starfsfólki þar vinnustellingar í haust.

Sjúkraliðaskóli Íslands og Námsbraut í sjúkræðjálfun við H.I. hafa óskað eftir kennslu um iðjuþjálfun.

Kynningarár: Félagið hefur ákveðið að gera árið 1980 að kynningarári um iðjuþjálfun og er undirbúningur þegar hafinn.

Útbúin hefur verið kynningargrein um Iðjuþjálfafélag Íslands fyrir erlenda iðjuþjálfara, sem koma til starfa hér. Þar kemur fram, að aðalblutverk þeirra í félagsstarfinu muni verða að miðla okkur hinum af þekkingu sinni og fyrri reynslu. Spurningalisti um fyrri störf og áhugasvið fylgir.

Félaginu hefur borist bréf frá nefnd er vinnur að útgáfu samnorræns "themenúmers" um iðjuþjálfun á Norðurlöndum. Nefndin óskar eftir grein um þróun iðjuþjálfunar á Íslandi og er hún í undirbúningi. Það var okkur undrunarefni að ekki virtist öllum iðjuþjálfafélögum á Norðurlöndum ljóst að við værum formlegt félag með heilmikla starfsemi.

Félagið fór í útilegu í Þjórsárdal síðustu helgi júnímánaðar (sjá frásögn).

FOLK Í FRÉTTUM.

Hope Knútsson skrifaði grein í Geðvernd um útvíkkun geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Kemur greinin út í september. Hope mun tala um sama efni á ráðstefnu um heilsuvernd fjölskyldu og barns, sem haldin er á vegum Félags háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga þ. 22. sept.

Einnig skrifaði Hope grein í WFOU-tímarit, sem ber titilinn "Specialization Versus Generalization in OT-treatment". Greinin er óútkomin enn þá.

Guðrún Árnadóttir skrifaði síðastliðinn vetur grein í tímarit iðjuþjálfafélagsins í Manitoba um iðjuþjálfun á Íslandi.

Valery Tennenbaume og Guðrún Árnadóttir skrifuðu grein í tímarit MS-félagsins um iðjuþjálfun fyrir MS-sjúklinga.

Hope kenndi í jan. og mar. starfsfólki Hvíta bandsins 10 tíma um leiðbeiningar í hópmeðferð. Einnig kenndi hún 10 tíma í apríl hjá geðhjúkrunarnemum um geðiðjuþjálfun.

Guðrún Árnadóttir kenndi í vetur nemum í sjúkráþjálfun nokkra tíma um iðjuþjálfun fyrir börn.

Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Guðrún Pálmadóttir sóttu námskeið um liðagigt í Danmörku í apríl.

Anna Grethe Hansen og Sigríður Loftsdóttir tóku þátt í ráðstefnu um öldrunarþjónustu, sem haldin var í vor á vegum sveitafélaganna.

Guðrún Árnadóttir vann í Reykjaðal í sumar tvo daga í viku.

Guðrún Pálmadóttir vann að endurskoðun hjálpartækjalista fyrir Tryggingastofnun ríkisins (sjá grein).

Margrét Sigurðardóttir er komin heim frá námi í Kaupmannahöfn og hefur hafið störf á Reykjalundi.

Sigrún Ásmundsdóttir mun einnig komin heim frá Kaupmannahöfn, en er ekki tekin til starfa enn þá.

Rósa Hauksdóttir lauk námi í Englandi og starfaði á Grensásdeild í sumar. Hún mun vera á förum út aftur.

Á Grensásdeila starfaði einnig í sumar Snæfríður Egilson, sem stunda stundar nám í Oslo.

Ingibjörg Pétursdóttir, sem búsett er í Árhús í Danmörku starfaði í sumar á Landspítalanum.

Sylviane Leconltre, svissneskur iðjuþjálf, er farin að vinna í Hátúni 10B.

Valery Tennenbaume (amerísk) og Ruth Lauritzsen (dönsk) hafa yfirtefið okkur og Vera Craumer (bresk) er senn á förum.

Anna Grethe mun dvelja á HSfn í Hornafirði næstu 6 mán., og ætla hún að reyna að fá eitthvað starf þar sem iðjuþjálf.

Madeline Östlund eignaðist son í mar. og Sigríður Jónsdóttir dóttur í apríl. Þar eru báðar byrjaðar að vinna aftur.

HEILGADÁLKUR

Eftirfarandi fyrirspurn frá Eriku P. Sigurhannesdóttur kom fram á félagsfundinum hjá ÍÍ í sumar:

"Í námi mínu erlendis hef ég kynnst hversu erfitt er að fylgjast með þróun mála hér heima. Hvaða reynslu og þekkingu þörf er fyrir í iðjupjálfun hér. Oft er hægt, að vissu marki þó, að hagræða sínu námi, og því væri gott að fá vísbendingu eða óskir um slíkt í fréttabréfi félagsins. Hvar þörfin sé mest og um æskilega sér-
pjálfun.

Nám í iðjupjálfun er í örri þróun og Íslendingar dreifðir um mörg lönd í námi. Því væri fróðlegt að heyra frá þeim, um tilhögun námsins eða annað það sem geti orðið til uppörvunar eða fróðleiks okkur hinum sem sækja að sama marki."

Strax komu fram ýmsar hugmyndir. K.s. hafa engir af þeim Íslendingum sem hér starfa nú, sérþekkingu á eftirfarandi sviðum:

spélkugerð

barnaiðjupjálfun (pædiatry)

öldrunariðjupjálfun

iðjupjálfun í heimahúsum - heimilismál o.fl.

kynning á iðjupjálfun

Fleiri hugmyndir munu örugglega koma fram síðar. Ef einhverjir fara á námskeið eða sérmennta sig á einhvern hátt, værum við hér heima þakklát að fá í hendur eitthvað skriflegt efni.

Það er mjög erfitt fyrir okkur að fylgjast með félögum erlendis, sem eru þó u.þ.b. helmingur allra félagsmanna. við biðjum því um eftirfarandi:

1. Tilkynnið félaginu breytt heimilisfang.
2. tilkynnið hvenær þið hófuð nám.
3. Sendið okkur nöfn og heimilisföng nýrra nema, sem við hér heima vitum ekki um, en þið hafið e.t.v. komist í samband við.
4. Vin samlegast greiðið félagsgjald jafnóðum og rukkun berst.

STJÓRNIN

ÚTILEGA I.I. 1979

Af stað var haldið í Þjórsárdalinn þann 30. dag júnímánaðar. Ekið var á 4 bílum. Frá Reykjavík komu: á Ingu bíl: Inga, Jóna og Anne Grethe. Hope, Einar + Tryggvi og Katla á þeirra bíl ásamt Veru og dóttur hennar. Frá Álftavatni komu: Andrés, Guðrún og Ásdís + Margrét og Sigurjón. Guðmundur, Kristjana og Flóki + Gun og Margaretha.

Áformað var að hittast kl. 11 á laugardegsmorgun við Fossnesti á Sel-fossi. Álftavatsnfólkið hélt sig hafa nægan tíma, því þau úr Reykjavíkinni komu áreiðanlega ekki tímanlega á staðinn, en raunin varð önnur. Blái Volvóinn hélt í Gaulverjabæinn til að ethuga hvernig hrossin þyldu beitina (eða var það kannske öfugt?). Eitthvað skolaðist til í mönnum hver ætti að bíða eftir hverjum og þar sem sumir voru orðnir all þópolinnmóðir eftir að komast í dalinn, varð sá blái að keyra einn og yfirgefinn langt á eftir hinum.

Er komið var í Ásólfssstaði sást til Kristjönu bæðandi út öllum öngum og sagði hún að áfram skyldi halda að Stöng. Þegar þangað kom var kvennþrístirnir úr Ingu Rauð búið að kenna tjaldstaðsúrvalið, sem var nú ekki mikið, því mörg tjöld voru í dalnum. Þeim leist einna bezt á sandbólabyrpingu eina nálægt Rauðá. Kom okkur saman um að tjalda þarna, ræddu menn um það hvort Einar ætti ekki bara að hafa bílinn út í ánni, en hætt var við það og bílnum fundinn staður ofan við tjöldin.

Síðan var 7 tjöldum tjaldað og hugðust menn, að verkfræðingahætti, nota teikningu við að tjalda einu tjaldinu, en gáfust þeir fljótlega upp við það og notuðu byggjuvitið. Þetta reyndist vera þrýðis tjaldstaður og skammt frá var ágætis náttúrusalerni, þó hefði verið þægilegra að hafa skilti á girðingunni, sem gaf til kynna hvort það væri upptekið eða laust. Þetta munum við næst.

Veðrið var hálfdrungalegt, en þó var ekki farið að rigna. Þegar allir voru búnir að koma sér fyrir, klæddumst við til gönguferðar og héldum af stað til að skoða Gjána. Fyrst þurftum við að fara yfir "fljót" nokkurt og var stiklað yfir á steinum, ekki þótti ráðlegt að vera á skóm, svo stígvél voru ferjuð yfir handa þeim sem á skóm voru. Okkar sterku og stöðilegu karlmenn voru reiðubúnir til að styðja þá er voru veltir á fótunum og svimaði er litið var niður í "byldýpið". Þeir sem voru komnir heilu og höldnu yfir á bakkann hinu megin, skemmtu sér vel við að horfa á viðureign hinna við ána.

Áfram var haldið upp í Gjána og sólinni þóknaðist að láta geisla sína kíkja aðeins á okkur. Við virtum fyrir okkur hinn tilkomumikla

foss og bergið, sem í voru stuðlamyndanir á þvers og kruss. Sumir (karlmenn auðvitað) þurftu að sýna hve hugdjarfir þeir væru og hlupu undir fossinn, en hinir létu sér nægja að njóta umbverfisins með þöndum skilningarvitum.

Þegar við höldum til þaka gengum við hinumegin í Gjánni og séum annan foss og fallegar klettamyndanir. Við séum líka annað miður fallegt, en það var sóðaskapurinn við kamrana.

Þegar við komum til tjaldbúðanna var Sigga Jóns. komin í heimsókn ásamt manni og 2 börnum. Settust menn nú inn í tjöldin og fengu sér smá kaffisopa, nú var byrjað aðeins að rigna, en logn var og milt veður. Þegar kvöldi tók og sest var sól, fóru menn að hugsa til grillunar. Kristjana og Guðmundur voru með sitt nýja "æmnríska" grill og 2 önnur grill voru með í förinni.

Nú hervæddust allir, þ.e.a.s. klæddust regnfötum og stígvélum, mesta athygli vakti regnkápan hennar Jónu, sem var bæði síð og góð og gegndi hlutverki sínu mjög vel. Ýmsir áttu brennivíslögg til að hlýja sér á, en aðrir sétu inn í tjöldunum og hlýjuðu sér þar. Börnin voru sofnuð og veslings Flóki átti ekki sjö dagana sæla, þar sem hvað eftir annað var gerð tilraun til að setjast ofan á hann, þar sem hann lá vafinn inn í sæng eins og besti stóll á að líta.

Lagt var á borð á kletti einum, sem til þess var gerður (sbr. rétta borðhæð, erfiðisvinna: 70-90 cm.). Grillaði nú hver sínar kótelettur og annarra, með var drukkið heimabruggað vín og urðu nú allir saddir og sælir. Allir vildu Ólmir þvo upp, en Anne Grethe og Sigurjón báru sigur úr bítum, hinir voru iðnir við að ganga frá og vona ég að allir hafi fengið sitt að lokum, en það er þá bara Marge-retha og Gun að þakka.

Frám eftir kvöldi var sungið fullum hálsi við undirleik Guðmundar og Hope. Til að hita okkur drukkum við kakó og fórum í boltaleik. Mig minnir að flestir hafi farið að sofa fljótlega eftir miðnætti.

A sunnudagsmorgun var veðrið allt annað en spennandi, rigning og þoka, þegar fólkið hafði skreiðst á fætur, héldu flestir til að heim-sækja Stangarbóndann. Enginn var heima á Stöng og fannst okkur hálf-ómerkilegt um að litast, öllu hafði farið aftur að sögn þeirra, sem höfðu séð staðinn áður.

Þegar til tjalda var komið var ákveðið að fella tjöldin og halda fljótlega af stað heim á leið, enda voru veðurguðirnir ósparir á rigninguna. Þegar dótið var komið í bílana var stefnan tekin á Þjóðveldisbæinn og hann skoðaður í krók og kring. Náðnúið vakti

mikla athygli, einkum vegna stærðar sinnar, þar höfðu menn auðsýnlega ekki staðið einsamlir í stórræðunum.

Hér eftir var stefnan tekin á Reykjavík, en ákveðið að hittast í Fossnesti (aldrei þessu vant). Þegar þangað var komið fóru sumir inn og snæddu hinn óholla grillmat, en aðrir bruddu hollar Gulrætur í bílum sínum. Hér skildu leiðir og hver hélt til síns heima eftir velheppnaða útilegu.

Skrifað í ágúst eftir minni,

Margrét Sigurðardóttir.



KLEPPSSPÍTALI

Kleppsspítalinn er ríkisspítali, kennsluspítali í geðlækningum með 217 rúm staðsett á XV deildum, þar af 3 deildir á staðnum, hinar víðsvegar um bæinn og í nágrenni hans, reknar í nánnum tengslum við spítalann. Enn fremur er mjög stór göngudeild við spítalann.

Kleppsspítalinn tók til starfa 27.5 1907 og er fyrsti spítalinn er landsmenn byggja sjálfir. Á næstunni tekur til starfa ný geðdeild við Landsspítalann. Göngudeild opnaði þar þ. 21.6 '79.

Kleppsspítalinn byrjaði snemma með iðjubjálfun árið 1936. 13. jan. flutti Dr. Helgi Tómasson, þá yfirlæknir á Kleppsspítala erindi um vinnulækningar (iðjubjálfun) í læknafélagi Reykjavíkur. Má til gamans geta þess, að á þeim sama tíma byrja Danir með fyrsta skóla á Norðurlöndum í Iðjubjálfun, var hann staðsettur í Kóbenhavn og er þar enn.

Iðjubjálfunardeildin tók til starfa í núverandi húsnæði 1964, í 3 hæða húsi, þar sem vinnustofur eru á 2 hæðum, undir stjórn fyrsta íslenska iðjubjálfans, sem kom til starfa á Kleppsspítala árið 1945 og hefur starfað þar síðan og byggt upp núverandi starfsaðstöðu, hefur hún sér til aðstoðar 5 - 3 aðstoðarmenn. Iðjubjálfun er mikið starfrækt á Kleppsspítala. Kleppsspítalinn á bíl, sem flytur sjúklinga til og frá deildunum í bænum, í iðjubjálfun á vinnustofum Kleppsspítala. Fjöldi útskrifaðra sjúklinga kemur í eftirmeðferð í iðjubjálfun og helst þannig, með stuðningi úti í lífinu.

Vísir er kominn að iðnaði til endurbæfingar:

Steyrustöð: Þar eru framleiddar gangstéttarhellur o.fl.

Bergiðja: Þar eru framleiddar einingar til húsbygginger.

Saumastofa: Þar er unnið við léttan saumaskap.

Samkomusalur er á 3 hæð Iðjubjálfunarhússins, fer þar fram margskonar starfsemi: kennsla, leikfimi, slökun, leikræn tjáning, fundir, samkomur, bíó o.fl.

Deildir spítalans eru hlýlegar og með heimilisbrag. Reynt er að koma á samfélagslækningum á sem flestum deildum.

Iðjubjálfa: Það ventar fleiri iðjubjálfa við Kleppsspítala. Meðferðarmöguleikar eru margir fyrir reynda og hugmyndaríka iðjubjálfa. Náin tengsl eru milli æðaldeilda og iðjubjálfunar.

Vinnutíminn er frá 8³⁰ - 17⁰⁰ mánud. - föstudags, frí laugardag - sunnudag. Fæði fæst keypt á staðnum.

Annað starfsfólk: Sífelld fleiri sérfræðingar, geðlæknar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, geðhjúkrunarfræðingar, hjúkrunarfræðingar ásamt nemum í þessum greinum auk venjulegs hjúkrunarliðs.

Kleppsspítalinn er staðsettur á einum fegursta stað við Reykjavík inn við Sund, aðeins 15 mín. keyrsla með strætisvagni til bæjarins.

Kleppi, 28.6 '79

Jóna Kristófersdóttir

Iðjubjálfi.

LÖG IÐJUBJÁLFAFÉLAGS ÍSLANDS

1. gr.

Heiti félagsins

Heiti félagsins er Iðjubjálfafélag Íslands. Skammstöfun I.Í.

2. gr.

Markmið félagsins

Markmið félagsins er:

- að auka þekkingu landsmanna á iðjubjálfun,
- að efla samtökin innan stéttarinnar og geta hagsmuna hennar,
- að efla tengsl við hliðstæða starfshópa,
- að beita sér fyrir aukinni menntun félaganna,
- að beita sér fyrir, að hafin verði kennsla í iðjubjálfun hér á landi.

Félagið er ekki stjórnmálalegs eðlis.

3. gr.

Félagar

Sérhver löggildur iðjubjálfi, er lokið hefur prófi frá viðurkenndum iðjubjálfaskóla (þ.e.a.s.viðurkenndum af W.F.O.T), hefur rétt til inngöngu sem félagi í I.Í.

1. Fullgildur félagi nýtur allra réttinda, sem félagið hefur upp á að bjóða. Greiðir fullt félagsgjald.
2. Hálfgildur félagi nýtur allra réttinda utan kjörgengis og kosningaréttur á aðalfundi. Greiðir 1/2 félagsgjald.

I.Í. skyldar alla löggilta iðjubjálfa, sem starfandi eru á Íslandi til að gerast fullgildir félagar. Þó geta útlendingar valið um að vera fullgildir eða hálfgildir félagar fyrsta árið, sem þeir eru starfandi hér, en skulu að þeim tíma liðnum gerast fullgildir félagar.

Iðjubjálfar (Íslenskir sem erlendir) búsettir á Íslandi, en eru ekki starfandi, geta einnig valið um að vera fullgildir eða hálfgildir félagar, ef þeir óska þess.

Iðjubjálfar, sem búsettir eru erlendis, hafa einungis rétt til inngöngu sem hálfgildir félagar.

Rétt til inngöngu sem hálfgildir félagar hafa einnig Íslendingar í iðjubjálfunarnámi. Skulu þeir einungis greiða 1/4 félagsgjalds.

4. gr.

Stjórn félagsins

Fjöldi stjórnarmeðlima skal ákveðinn fyrir stjórnarkosningar hverju sinni. Stjórnina skipa þó minnst 3, auk formanns, og ákveða þeir hvernig þeir skipta með sér verkefnum ritara og félirðis.

Kosningar eru leynilegar og fara fram á aðalfundi. Kosin er til 2ja ára í senn. Kosningar eru því aðeins löglegar, greiði minnst 75% fullgildra félaga atkvæði. Formaður skal kosin sér, en aðrir stjórnarmeðlimir í einu lagi.

Stjórnin hefur ætíð yfirumsjón með öllum félagsstörfum.

5. gr.

Fjármál

Ársgjald félagsins, og hvernig það innheimtist, skal ákveðið á aðalfundi hverju sinni.

Þeir, sem eiga ógöldið félagsgjald í eitt ár, missa öll félagsréttindi, þar til félagsgjaldið er fullgreitt. Þó getur stjórnin veitt undanþágu í sérstökum tilfellum.

6. gr.

Fundir

I. Aðalfundur.

Stjórn félagsins kallar saman til aðalfundar einu sinni ár hvert. Stjórnin semur dagsskrá aðalfundar og annast dreifingu hennar til annarra félaga með hæfilegum fyrirvara (minnst 3 vikur).

Eftirtaldir liðir geta einungis fara fram á aðalfundi:

- a) Stjórnarkosningar.
- b) Ákvörðun ársgjalds.
- c) Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
- d) Bókhaldsyfirlit.

Ef þörf krefur, getur stjórn félagsins eða helmingur félaga kallað saman til aukaaðalfundar með útsendingu dagskrár tveim vikum áður.

II. Félagsfundir.

Boðað skal til slíkra funda af stjórn, einhverri nefnd eða 1/3 félaganna. Á félagsfundum fara fram umræður um málefni eða tillögur varðandi félagsstarfsemina og atkvæðisgreiðslur þar að lútandi. Einnig getur verið um að ræða fræðslufundi, fyrirlestra eða námskeið.

III. Nefndarfundir.

Nefndir eru ákveðnar á félagsfundum eða skipaðar af stjórn, og halda þær sína fundi svo oft sem þörf krefur. Allir félagar eru gjaldgengir í nefndir.

7. gr.

Atkvæðagreiðsla

Um atkvæðagreiðslur um öll málefni önnur en lagabreytingar gildir eftir farandi: Tillaga skoðast samþykkt, greiði meiri hluti viðstaddra atkvæði með henni.

Atkvæðagreiðsla getur því aðeins átt sér stað, sé meiri hluti félaga til staðar.

8. gr.

Breytingar á lögum félagsins

Breytingar á lögum geta aðeins farið fram á aðalfundi. Tillögur um breytingar skulu hafa borist stjórninni í hendur, eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund. Stjórnin annast síðan dreifingu tillaganna til annarra félaga ásamt dagskrá aðalfundar.

Breytingartillaga nær fram að ganga, greiða 2/3 viðstaddra atkvæði með henni.

9. gr.

Fulltrúar W.F.O.T.

Fulltrúar W.F.O.T. skulu kosnir á aðalfundi, og gilda þar sömu reglur og um kosningu stjórnar.

10. gr.

Upplausn félagsins.

Félagið leggst niður, ef 3/4 hluti félaganna óska þess, eða ef fjöldafélaga fer niður fyrir lágmark (4 félagar).

11. gr.

Gildistaka laganna.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 1. mars 1978.

Iðjubjálfafélag Íslands

Pósthólf 72 R-1.

GREINARGERÐ

Iðjubjálfun sem þáttur í betri og viðtækari heimilisþjónustu.

Iðjubjálfar eru heilbrigðisstétt sem er þjálfuð í að vinna með öllum aldursflokkum og öllum þáttum hömlunar, líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar.

Nánari lýsingu er að finna í eftirfarandi fylgiskjölum:

1. Afriti af grein frá Iðjubjálfafélagi Íslands, sem birt var í Lesbók Morgunblaðsins 1. júlí 1978.
2. "Iðjubjálfun og hlutverk hennar í geðlækningum" úr GEÐVERND 1976.
3. Bæklingi um iðjubjálfun á Reykjalundi.

Síðastliðin 5 ár hafa iðjubjálfar unnið á 7 heilbrigðisstofnunum á Reykjavíkursvæðinu: Landspítalanum, Grensásdeild, Reykjalundi, Kleppsspítalanum, Barnageðdeildinni v/Dalbraut, Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, Hátúni 10B.

Í starfi okkar höfum við m.a. rekið okkur á eftirfarandi atriði:

- 1) Margir þeirra sjúklinga, sem koma inn á sjúkrahús eða endurhæfingarstofnanir, þyrftu ekki að leggjast inn, ef hægt væri að bjóða upp á þjálfun eða betri þjónustu í heimahúsum eða á dagdeildum.
- 2) Þrátt fyrir að sjúklingar með líkamleg, andleg og félagsleg vandamál séu sjálfbjarga í vernduðu umhverfi stofnana og útskrifist í tiltölulega góðu ástandi, hrakar þeim oft eftir heimkomu vegna skorts á eftirmeðferð. Ennfremur magnast oft vandamálin sem fyrir eru við þá einangrun sem getur fylgt þegar heim kemur.
- 3) Vistunarrými á stofnunum fyrir aldraða eru oft ranglega nýtt vegna skorts á nákvæmara mati á þörf hins aldraða.

Til að bæta úr ofangreindum atriðum, teljum við að þörf sé á betri og viðtækari heimilisþjónustu og jafnframt því þurfi að auka dagvistunarrými.

Með heimabjónustu iðjubjálfa er hér átt við ýmsa þjálfun og aðstoð sem iðjubjálfar geta veitt ýmist á heimilinu sjálfu eða á þjónustumiðstöðvum fyrir sjúklinga og aldraða sem búa heima.

Markmið heimabjónustu iðjubjálfa er að auka möguleika sjúklingsins á:

- Að búa eins lengi og unnt er í sínu venjulega umhverfi.
- Að geta starfað þrátt fyrir fötlun og aldur.
- Að létta undir daglega tilveru hans og aðstandenda hans

Hér á eftir verður lýst með hvaða hætti megí ná þessum markmiðum og þá um leið að fyrirbyggja áðurnefnd vandamál.

1. Heimabjónusta iðjuþjálfar gæti dregið úr tíðni endurinnlagna sjúklínga með líkamlega fõtlun með því að athuga heimiliss- aðstæður og að hafa umsjón með að endurhæfingaráætlun sé fylgt. Starfssvið iðjuþjálfar í þessu sambandi er m.a.:

- Þjálfun í athöfnum daglegs lífs.
- Kennsla í notkun hjálpartækja og aðstoð við útvegum þeirra.
- Ráðleggíngar í sambandi við nauðsynlegar húsnæðisbreytingar, kostnaðaráætlun, aðstoð við umsókn um styrk til greiðslu á Breytingunum og eftirlit með framkvæmðum.
- Kennsla í starfsstillingum og vinnutækni, m.a. liðvernd, hjá liðagigtarsjúklíngum.
- Ráðleggíngar í sambandi við aðrar athafnir (heimilið, frístundir, atvinnu).
- Eíngameðferð (sjá skilgreiningu í bæklingi um iðjuþjálfun á Reykjalundi).
- Á sama tíma er nauðsynlegt að tryggja að allir aðilar á heimilinu, bæði fjölskylda, heimilishjálpar og starfsfólk heimahjúkrunar styðji meðferðaráætlunina og getur iðjuþjálfari í mörgum tilfellum séð um samræmingu á þessum þáttum.

Ef þessi meðferð gæti farið fram á heimili sjúklíngsins mætti einnig stytta dvalartímann á sjúkrahúsum og koma í veg fyrir að vista þyrfti aldrei fólk á stofnunum, sem hefði áhuga á að læra að bjarga sér heima. - Geti viðkomandi hins vegar ekki dvalið áfram heima gæti iðjuþjálfari tekið þátt í að meta vistunarþörf.

2. Heimabjónusta iðjuþjálfar getur komið í veg fyrir endurinnlög geðsjúklínga sem hafa tilhneigíngu til að versna vegna einmanna- leika og þunglyndis, jafnvel þótt þeir hafi vinnu og húsnæði. Þá skortir hæfileika til að skipuleggja frístundir sínar og eiga oft við félagslega örðuleika að stríða. Þeir þarfnast gífurlegs stuðnings og þjálfunar í að umgangast fólk (félagsleg endurhæf- íng) og einnig þurfa þeir að læra að láta sér líða vel í ein- rúmi.
3. Heimabjónusta iðjuþjálfar getur veitt foreldrum fjölífatlaðra barna tilsoyn og stuðning. Foreldrar geta tekið þátt í að framkvæma líkamsæfíngar, þroskaæfíngar og þjálfun í athöfnum daglegs lífs, sé þeim kennt af sérhæfðu fólki.

Tilraunir til heimilisiðjuþjálfunar og eftirlits hafa verið fram- kvæmdar hjá nokkrum þessara 7 stofnana sem iðjuþjálfar starfa á. En eftir útskrift er mjög erfitt að halda sambandi við sjúklínginn þar sem iðjuþjálfar hafa yfirfullt að gera á stofnunum. Hins vegar eru ekki til stöður á Íslandi fyrir iðjuþjálfar utan fyrrgreindra heilbrigðisstofnana, og er þess vegna enginn til að fylgja meðferðinni eftir.

Heimaþjónustu iðjupjálfa mætti reka í tengslum við félagsmála- stofnanir (s.b. heimilisþjónustu), sveitarfélög, heilsugæslu- stöðvar, dagvistunarstofnanir, göngudeildir, hjálpartækjabanka o.fl. Einnig gætu iðjupjálfar starfað sjálfstætt við þjálfun í heimahúsum ef Tryggingarstofnun Ríkisins greiddi þá meðferð til jafns við tal- og sjúkraþjálfun. Iðjupjálfafélag Íslands hefur tvívegis óskað eftir samningaumræðum við Tryggingastofnun Ríkisins en þessi málaleitan okkar hefur ekki borið árangur þrátt fyrir heimild í lögum um almennar tryggingar um greiðslu á þjálfun í heimahúsum.

Hér að ofan hefur í stuttu máli verið skýrt frá með hvaða hætti iðjupjálfar geta veitt sjúkum og öldruðum mikilvæga meðferð í heimahúsum. Það er einnig auðséð að spara mætti þó nokkra fjárhæð með því að útvega ódýrari meðferðarvalkostir og skera niður rándýra sjúkrahúslegu. Skortur á samhfðri heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu á Íslandi kemur illa niður á fótluðum og öldruðum, og þýkir okkur ástæða til að bæta þar um.

Apríl 1979. Iðjupjálfafélag Íslands.

HJÁLPARTÆKJALISTINN.

Eins og félögum mun kunnugt, hefur Tryggingastofnun ríkisins haft í fórum sínum leynilista yfir hjálpertæki. Listi þessi hefur verið notaður við styrkjaúthlutun til kaupa hjálpertækjanna. Listinn varð fyrst til veturinn 1975 og þá sáminn upp úr tillögu, sem þrír iðjupjálfar (Anne Grethe, Sigr. Loftsd. og undirrituð) höfðu gert.

Þrátt fyrir að iðjupjálfar ættu hér stóran hlut að máli, hafa þeir aldrei formlega fengið að sjá þennan lista síðan, þar sem að Tr.st. hefur gætt hans vandlega, og aldrei sinnt beiðni II um afrit af honum. Afrit af listanum hafa þó stundum komist í hendur iðjupjálfa eftir ýmsum krókaleiðum.

Eins og kunnugir muna, er listi þessi mjög ruglingslegur og þarf maður að lesa hann vandlega frá upphafi til enda (5 bls.) til að finna út hve mikið sjúklingur e.t.v. getur fengið greitt í hjóla-
borði. Meira að segja Björn Öundurson hefur gert sér ljóst, hve listinn er illa uppsettur, og af þeirri ástæðu kom sú beiðni til mín, hvort ég vildi aðstoða við endurskoðun þessa lista.

Eftir að hafa kynnt mér efni samsvarandi lista í Danmörku, gerði ég tillögu um nýja uppsetningu, sem ég síðan lagði fyrir á fundi í Tr.st. Þar voru auk mín Björn Öundurson tryggingayfirlæknir, Haukur Þórðarson læknir og Ólöf Ríkhardsdóttir, sem er varamaður í tryggingaráði. Viðstöddum leist vel á tillögunu, en þó óskaði Björn eftir að samræma hana tillögu frá samnórænni hjálpertækja-
nefnd, sem hann á m.á. sæti í. Einnig óskaði hann eftir að númera hvert einstakt hjálpertæki, því ætlunin er að þetta allt fari inn á tölvu í Tr.st.

Ég settist því niður í ænað sinn og gerði nýja tillögu, sem síðan var samþykkt á næsta fundi í Tr.st. með ofangreindum aðilum.

Listinn er 6 bls. og því nokkur aukning frá hinum fyrri. Hjálpertækjunum er skipt niður í 11 aðalflokke eftir notkunargildi þeirra. Aðalflokkunum er síðan skipt í undarflokke og undir þeim nafngreint hvert einstakt hjálpertæki með tölvunúmeri. Tölvufræðingur hefur séð listann og samþykkt hann.

Á þessum síðara fundi ræddum við greiðsluhlutfell hvers aðalflokks fyrir sig, og gerðum við Haukur tillögu þar um. Þinnig ræddum við hvernig ættu að hafa þennan lista í fórum sínum og var fólk sammála um að eðlilegt væri að listinn legi frammi á þeim stofnunum, þar sem endurbæfing fer fram.

Mínu starfi var þar með lokið, en ég hef síðan frétt að greiðslu-
hlutfall er nú endanlega ákveðið og mun það ekki vera eins heg-
stætt sjúklingnum og í þeirri tillögu, er við Hækur gerðum.
Listinn ætti nú að vera í tölvuvinnslu, og eftir að þeim undir-
búningi er lokað mun Tr.st. byrja að úthluta eftir honum.
Og biðið þið nú bara iðjupjálfa. Skylduð þið fá sent afrið af
nýja hjálpartækjalistenum með kærri kveðju frá Tr.st. - Það verður
spennandi að vita.

Að síðustu - ég vænn ekki kauplaust að undirbúningi þessa lista.
Tr.st. borgar brúðsann.

Guðrún Pálmeðóttir
iðjupjálfi.



LAUSAR STÖÐUR

Eftirtaldir staðir æuglýsa lauser stöður til umsóknar:

Afingastöð læmaðra og fatlaðra

Háaleitisbraut 14,

Reykjavík.

Ein staða laus nú þegar, upplýsingar gefur Guðrún Árneðóttir iðju-
pjálfi sama stað.

Grensásdeild Borgerspítalans

Grensásvegi 62,

Reykjavík.

Ein staða laus frá 1. október, upplýsingar gefur Sigríður Loft-
dóttir iðjupjálfi sama stað.

Öldrunardeildin

Hátúni 10 B,

Reykjavík.

Ein staða laus frá 1. september, upplýsingar gefur Sigríður Jóns-
dóttir iðjupjálfi, iðjupjálfunardeild, Lendsspítalanum, Reykjavík.

Vinnuheimilið að Reykjelundi

Mosfellssveit.

Ein staða laus frá 1. janúar 1980. Einnig ventar iðjupjálfa til
afleysinga frá 1. jan. til ca. 1. sept. '80. Upplýsingar gefur
Guðrún Pálmeðóttir iðjupjálfi sama stað.

Frá bókasafnsnefnd:

Við höfum unnið að því að færa inn á spjaldskrá bækur félagsins og eigin bækur félagsmeðlima. Tilgangurinn með spjaldskránni er að félagar geti fljótlega fengið yfirlit um þær bækur sem til eru, og hvar sé möguleiki að fá þær lánaðar. Félagar eru minntir á að færa inn á skrána hjá okkur, þegar þeir fá nýjar bækur.

Við höfum ekki fundið góðan stað fyrir bækurnar, ef einhver veit um hentugan stað, helst í miðbænum, þá látið okkur vita. Á meðan eru bækurnar hjá Madelaine, Sólvallagötu 68, sími 28270.

Allar tillögur um góð bókakaup fyrir félagið eru vel þegnar.

Eftirtalðar bækur eru til:

Copeland, Ford Sólun; Occ. th. for mentally retarded children.

Derregan, Susan: Lectures Notes on sensory integration.

Farter & Huss: Sensorimotor Evaluation & treatment procedures.

Loma, Linda V: Occ.th. Home care services, procedue manual.

Mosey, Anne: Activities Therapy.

C.T. Consultancy in the Skilled Nursing Facility, 2nd.ed.

Purtilo: The Allied Health Professionel and the Patient.

U.S. Departm. of health education and welfare: A Client -
oriental system of mental health.

Shaul, Susan: Toward intimary family planning and sexuality
concerns of physically disabled women.

Sine, Liss, Rouch & Holcomb: Basic Rehabilitation techniques.

Flugelman, Andrew: The new games book.

Willard & Sparkman: Occupational therapy.

Einnig eru keypt tímaritin: Sveitastjórnarmál,

Fréttabréf um heilbrigðismál.

Félagið á líka slides-myndaseríu um helftarlammaða húsmóður.

Sigga J., Madelaine.

IDJUPJÁLFANEMAR

3 árs nemar:

Björk Pálsdóttir Ungdomskollegiet, vnr 38, Rendsborggade 1
7500 Holsterbro, Danmark.
Sigurður Sigurðsson Strindbergvej 10⁶, 2500 Valby, Danmark.
Viðar Óskarsson HC Andersengade 75^{1t.h}, 5000 Odense^C, Danmark
Birika P. Sigurhannes- Kärnhöksgatan 10⁶, 55269 Jönköping, Sverige
dóttir
Finnur Jönköping, Sverige.

2 árs nemar:

Sigríður Hermánsdóttir Jernældervej 271 A^{3t.h}, 8210 Århus, Danmark
Guðrún Emilsdóttir Asmundsgatan 7², 412 64 Göteborg, Sverige.
Jóhanna Ingólfssdóttir 39 Rue Singer, 750 16 Paris, France.
Snæfriður Egilson Oslo, Norge.
Kolbrún Ragnarsdóttir Øresunskollegiet H 407, Dølslandsgade 8
2300 København^S, Danmark.

1 árs nemar:

Guðrún Árnadóttir Holsterbro, Danmark
Katrí Kristvinsdóttir Studiegården 8, 242 Göteborg, Sverige.
Valrós Sigurbjörnsdóttir Odense, Danmark

ISLENZKIR IDJUPJÁLFAR ERLENDIS:

Guðrún Hafsteinsdóttir Annekegade 5^{st.t.h.}, 2100 København, Danmark
Ingibjörg Pétursdóttir Løllandsgade 33, 8000 Århus C, Danmark.
Sigríður Þorvaldsdóttir Tinglökkevej 6, 5250 Odense, Danmark.
Elin Ebba Ásmundsdóttir Præstegårdsvej 15, 7000 Trondheim, Norge.

IDJUPJÁLFAR 'A 'ISLANDI 1sept 1979

Grensásdeild Borgarsp. Sími 85177 /38

Ingibjörg 'Aseirsdóttir Skólabraut 53, Setjarnarnesi Sími 1338

Rósa Hauksdóttir Eikjuvogi 29, R-vík Sími 36596

Sigríður Loftsdóttir Gnoðavogi 16, R-vík, Sími 31399

Styrktarféll. læmaðra og fatlaðra. Háaleitisbraut 14 Sími 84560/1

Guðrún 'Arnadóttir Hvásæleiti 30, R-vík Sími 31086

Kleppsspítalinn Sími 38160 /48-49

Jóna Kristófersdóttir Kleppsvégi 120 4b, R-vík Sími 34227

Landspítalinn Sími 29000

Margarethe Johansson Laugavegi 54 B, R-vík Sími 18766

Sigríður Jónsdóttir Blöndubakke 10, R-vík Sími 77528

Öldrunardeildin Hátúni 10 B Sími 29000

Sylviane Lecoultre Þórufelli 2, R-vík Sími 72635

Geðdeild Barnasp.Hringsins v. Dælbraut Sími 29000

Madelaine Östlund Sólvalldagötu 68, R-vík Sími 28270

Vinnuheimilið að Reykjälundi Sími 66200 /122

Guðrún Pálmadóttir Búðargerði 1 R-vík Sími

Gun Hansson Reykjälundi, Mosfellssveit Sími 66200/1

Margrét Sigurðardóttir Bólstaðerblið 7 R-vík Sími 29283

Kristjana Fenger Sólvalldagötu 45 R-vík Sími 29715

Ulla Salomonsson Reykjälundi, Mosfellssveit. Sími 66200/16

Ekki fastráðuir:

Anne-Grethe Hansen Höfn Hornafirði Sími

Hope Knútsson Esufelli 4-2F R-vík Sími 73734

Kristín Tómasdóttir Þórunnarstræti 123 Akureyri Sími 96-21084

Sigrún 'Asmundsdóttir til 1 okt. Stigahlið 59 R-vík Sími 30810
e. 1 okt Suðurgötu 78 Akranesi

